Innra mat Waldorfskólans Lækjarbotnum

Samantekt úr *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla* sem unnið var fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2016.

Skólanefnd mun vinna að innleiðingu nýrrar áætlunar um innra mat og matskerfi á skólaárinu 2021-2022 með hliðsjón af leiðbeiningum um innra mat grunnskóla.

Matskerfi

- Ákveða þarf hverjir stjórna matinu og hvernig matskerfi viljum við
- Ákveða hvaða markmið við höfum og hverjir þeir þættir eru
- Matsáætlanir gerðar til lengri og skemmri tíma
- Setja lýsingu á matskerfinu í skólanámskrá, hvernig þættirnir eru metnir, hvenær og hverjar eru helstu gagnaöflunaraðferðirnar
- Gera tímaáætlun og tilgreina ábyrgðaraðila fyrir hvern þátt

Matsteymi og þátttaka í innra mati

Koma á fót matsteymi, en skólastjóri ber ábyrgð á innra mati en mikilvægt er að framkvæmd og utanumhald dreifist á fleiri aðila.

Í matsteymi sitja fulltrúar stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldrar.

Matið þarf að vera samofið daglegu starfi, gagna aflað í kennslustundum og öðru skipulögðu skólastarfi. Greining gagna og markvissar samræður um umbætur ættu að fara fram á fagfundum, starfsmannafundum, stjórnendafundum, foreldraráðsfundum og skólaráðsfundum. Gæta þarf að afla gagna frá nemendum, starfsfólki og foreldrum, þannig að raddir allra fái að heyrast.

Viðfangsefni innra mats

Nám og kennsla:

- Inntak, árangur og framfarir
- Skipulag náms og námsumhverfi
- Kennsluhættir og gæði kennslu
- Námshættir og námsvitund
- Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrg nemenda
- Skóli án aðgreiningar

Mannauður:

- Fagmennska starfsfólks
- Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

Stjórnun:

- Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
- Stjórnun grunnskólans
- Faglegt samstarf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

- Skólaþróun
- Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Skólabragur:
- Viðmót og menning
- Velferð og líðan nemenda
- Samstarf heimila og skóla

Innra mat
- Framkvæmd innra mats
- Umbótastarf í kjölfar innra mats

Nám og kennslu, hjarta skólastarfsins þarf að meta með einhverjum hætti á hverju ári. Matið fer fram sem hluti af daglegu starfi kennara, nemenda og annarra starfsmanna eftir því sem við á. Viðfangsefnin þurfa að vera skýrt í hugum þeirra sem að matinu koma og að búið sé að ákveða nákvæmlega hvað á að meta svo að matið verði markvisst.

Val á viðmiðum

Skóli velur sín eigin viðmið sem grundvallast á aðalnámskrá og stefnu sveitarfélags ásamt skólanámskrá Waldorfskólanna. Viðmiðin er hægt að byggja á
- Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum
- Rannsóknarniðurstöðum og fræðaskrifum
- Samanburði við aðra
- Samanburði milli ára

Gagnaöflun

Þrjár aðferðir við að afla gagna
- Greina fyrirliggjandi gögn
- Fylgjast með á vettvangi
- Fá fram álit, skoðanir og reynslu helstu hagsmunaaðil (starfsfólk, foreldrar og nemendur)

Greining fyrirliggjandi gagna

- Niðurstöður ýmis konar námsmats
- Framfarir nemenda
- Ástundun/mætingar
- Skólanámskrá og/eða ákveðnir þættir í skólanámskrá
- Starfsáætlun og/eða ákveðnir þættir í starfsáætlun
- Fundargerðir
- Ýmis konar skýrslur, t.d. um ákveðin verkefni og starfið í hverjum bekk eða árgangi

Gott er að styðjast við gátlista við greiningu á skriflegum gögnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Vettvangsathuganir

- Kennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn meta eigið starf
- Jafningjamat - kennarar meta starf hvers annars
- Stjórnendur fylgjast með námi og kennslu
- Fá fram skoðanir /álit hagsmunaaðila

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026